

AUGLÝSING

um samþykkt breytinga á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingar á deiliskipulagi sem hér segir:

Hraðastaðir I, Mosfellsdal.

Breytingin felur í sér að lóðarmörkum lóðarinnar nr. 17 er breytt. Lóðin nr. 15 helst óbreytt.

Gerplustræti 17-23.

Breytingin felur í sér að íbúðum í húsunum fjórum er fjölgað samtals úr 32 í 42. Bílastæði eru flutt aftur fyrir húsið norðanmegin á lóðunum. Vestari byggingarreitur á lóð 17-19 færist til austurs um 1,5 metra. Austari byggingarreitur á lóð 21-23 færist til vesturs um 1,5 metra.

Laxatunga 41.

Breytingin felur í sér að byggingarreitur lóðarinnar er stækkaður til norðvesturs um 3,8 metra. Gert er ráð fyrir tvöfaldri bílageymslu við norðvesturhlíð á þegar byggðu einbýlishúsi. Bílageymslan verður grafin niður í landið og gerð eins lítið sýnileg í umhverfinu og mögulegt er. Stærð bílageymslu er 67,5 m². Að öðru leyti gilda núverandi skilmálar.

Ofangreindar breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 2. október 2017,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 3. október 2017